

Mál 22/2016

Ár 2017, miðvikudaginn 22. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 4. júlí 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para saman rakkann A og tíkina B þar sem hvorugur hundanna var með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með béfi dagsettu 6. júlí 2016 og henni gefinn frestur til 3. ágúst til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins andmælafrests og var kærðu sen ítrekun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2017 og henni gefinn viðbótarsvarfrestur til 16. febrúar sem kærða sinnti ekki heldur. Þar eð sýnt þótti að ekki kæmu fram ferkari gögn í málinu þá ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn A paraður við tíkina B hinn 21. janúar 2016. Við pörunina var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Miniature Pinscher og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útskýra málið þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Miniature Pinscher:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera leldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var hvorugur undaneldishundanna með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Í þessu tiltekna máli er hvorugur undaneldishundanna með gilt augnvottorð og er því um tvöfalt brot að ræða. Siðanefnd telur þó að þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegt við reglur félagsins þá verði hæfileg viðurlög við brotinu áminning að þessu sinni.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotlegt við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir